

2003 nr. 3 3. febrúar**Lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir**

Tóku gildi 7. febrúar 2003. Breytt með l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 149/2012 (tóku gildi 3. jan. 2013).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Markmið.

■ **1. gr.** Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi með því að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem starfa að vísindarannsóknnum jafnframt því að tryggja áreiðanleika og gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir hér á landi.

II. kafli. Úthlutunarsjóðir.

■ **2. gr.** [Rannsóknasjóður og Innviðasjóður.]¹⁾

□ Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir [og rannsóknartengt framhaldsnám]¹⁾ á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn [nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi og]¹⁾ skilgreind rannsóknarverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu. Ákvörðun um styrkveitingu skal bundin hinu faglega mati.

□ [Hlutverk Innviðasjóðs er að byggja upp rannsóknarinnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknnum.]¹⁾ Við úthlutun úr [Innviðasjóði]¹⁾ skal taka mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs á hverjum tíma.

□ . . . ¹⁾

¹⁾ L. 149/2012, 1. gr.

■ **3. gr.** [Tekjur Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs.]¹⁾

□ Tekjur Rannsóknasjóðs eru:

1. Fjárveiting í fjárlögum ár hvert.
2. Gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum.
3. Önnur framlög.

□ Tekjur [Innviðasjóðs]¹⁾ eru:

1. Einkaleyfisgjald af rekstri peningahappdrætta eða aðrar sambærilegar tekjur.
2. Önnur framlög.

¹⁾ L. 149/2012, 2. gr.

■ **4. gr.** [Stjórn Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs.]¹⁾

□ [Ráðherra skipar fimm manna stjórn til þriggja ára í senn samkvæmt tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs. Tilnefndir skulu fimm einstaklingar sem hafa reynslu og staðgóða þekkingu á vísindarannsóknnum, þar af skal einn tilnefndur úr vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.]¹⁾

□ Stjórn Rannsóknasjóðs skal jafnframt fara með stjórn [Innviðasjóðs].¹⁾

□ [Stjórnin tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr Rannsóknasjóði og Innviðasjóði að fengnum umsögnum fagrada sem skipuð eru skv. 5. gr. Stjórnin leitar ráðgjafar umfram það sem fagrada sjóðanna geta veitt ef þurfa þykir.]¹⁾

□ Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar . . . ¹⁾ og atkvæði falla jafnt tæður atkvæði formanns.

□ Ákvarðanir stjórnar . . . ¹⁾ um styrkveitingar samkvæmt lögum þessum sæta ekki stjórnýslukæru.

□ Kostnaður við mat á umsóknnum og við störf stjórnar . . . ¹⁾ skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðanna.

□ Stjórn . . . ¹⁾ er heimilt, að tillögu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, að veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í vísindarannsóknnum af ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs.

¹⁾ L. 149/2012, 3. gr.

■ **5. gr.** [Fagrada Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs.]

□ Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs skipar fagrada til tveggja ára í senn á helstu sviðum vísinda sem skulu hafa það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir stjórn við úthlutanir úr Rannsóknasjóði og Innviðasjóði. Vísindanefnd skipar formenn fagrada sérstaklega. Fagrada eru jafnframt ráðgefandi fyrir Vísinda- og tækniráð og undirnefndir þess um fagleg efni eftir því sem óskað er.

□ Fagrada Rannsóknasjóðs skal vera skipað allt að sjö einstaklingum með víðtæka reynslu af rannsóknnum. Skulu þeir hvorki sitja í Vísinda- og tækniráði né stjórn úthlutunarsjóða samkvæmt lögum þessum. Fagrada metur umsóknir út frá vísindalegu gildi, færni og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkið og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi.

□ Fagrada Innviðasjóðs skal vera skipað allt að sjö einstaklingum með víðtæka reynslu af rannsóknnum. Skulu þeir hvorki sitja í Vísinda- og tækniráði né stjórn úthlutunarsjóða samkvæmt lögum þessum. Fagrada metur umsóknir út frá mikilvægi tækja og búnaðar til framfara í rannsóknnum í samræmi við áherslur í stefnu Vísinda- og tækniráðs.]¹⁾

¹⁾ L. 149/2012, 4. gr.

■ **6. gr.** [Úthlutunarreglur.]

□ Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs markar úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs samkvæmt áherslum Vísinda- og tækniráðs. Stjórn sjóðanna gefur út reglur um umsóknir, málsmeðferð þeirra og úthlutun eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests viðkomandi sjóðs og skulu þær kynntar ráðherra. Í reglunum skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur Vísinda- og tækniráðs.]¹⁾

¹⁾ L. 149/2012, 5. gr.

■ **7. gr.** [Markáætlun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar.]

□ Í fjárlögum eru veittir styrkir til grunnrannsókna og hagnýtra verkefna undir formerkjum Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar. Markáætlun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar nær yfir stefnumótandi áætlanir þar sem um er að ræða tímabundinn forgang á fjármagni. Verkefni skulu unnin í nánú samstarfi fyrirtækja, rannsóknarstofnana og háskóla á einstökum sviðum eða þverfaglegum fræðasviðum á grundvelli vandaðra rannsóknaráætlana. Markmið verkefna skulu falla að almennum áherslum og markmiðum Vísinda- og tækniráðs.]¹⁾

¹⁾ L. 149/2012, 5. gr.

■ **8. gr.** [Tekjur Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar.]

□ Tekjur Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar eru:

1. Fjárveiting í fjárlögum ár hvert.
2. Önnur framlög.]¹⁾

¹⁾ L. 149/2012, 5. gr.

■ **9. gr.** [Stjórn Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar.

□ Ráðherra skipar stjórn Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar til þriggja ára í senn. Stjórnin skal skipuð þremur einstaklingum úr stjórn Rannsóknasjóðs og þremur einstaklingum úr stjórn Tækniþróunarsjóðs, sem skipuð er skv. 12. gr. laga nr. 75/2007, og jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

□ Vísinda- og tækniráð markar áherslur nýrrar Markáætlunar. Stjórn Markáætlunar setur reglur varðandi umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð í samræmi við áherslur Vísinda- og tækniráðs.

□ Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar Markáætlunar og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

□ Kostnaður við mat á umsóknum og rekstur Markáætlunar skal greiddur af ráðstöfunarfé.

□ Ákvarðanir stjórnar um veitingu styrkja úr Markáætlun eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.¹⁾

¹⁾ L. 149/2012, 5. gr.

■ **[10. gr.** Niðurstöður rannsóknar.

□ Niðurstöður rannsóknar, sem kostaðar eru með styrkjum úr sjóðum er falla undir lög þessi, skulu birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið. Styrkþegar skulu í öllum ritsmíðum sínum um niðurstöður rannsókna geta um þátt sjóðanna í viðkomandi verki.¹⁾

¹⁾ L. 149/2012, 5. gr.

■ **[11. gr.** Önnur verkefni.

□ Ráðherra getur falið stjórn úthlutunarsjóða, sbr. 4. gr., úthlutun annarra sjóða samkvæmt frekari ákvörðun þar um.¹⁾

¹⁾ L. 149/2012, 5. gr.

III. kafli. Rannsóknamiðstöð Íslands.

■ **[12. gr.]¹⁾ Hlutverk.**

□ Rannsóknamiðstöð Íslands er ríkisstofnun sem heyrir undir [ráðherra].²⁾ Hlutverk hennar er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Í því felst að:

1. Annast umsýslu Rannsóknasjóðs, [Innviðasjóðs og Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar]³⁾ sem heyra undir [ráðherra].²⁾

2. Annast umsýslu Tækniþróunarsjóðs sem heyrir undir [ráðherra sem fer með málefni atvinnuþróunar og nýsköpunar].²⁾

3. Annast umsýslu annarra sjóða samkvæmt nánari ákvörðun [ráðherra].²⁾

4. Annast þjónustu við fagråd og stjórnir framangreindra sjóða.

5. Annast gagnasöfnun og miðlun upplýsinga fyrir Vísinda- og tækniráð og nefndir þess um vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun í landinu; afla upplýsinga og gagna varðandi þróun vísinda og tækni á alþjóðavettvangi.

6. Gangast fyrir mati á árangri rannsókna, þróunar og nýsköpunar í landinu með reglulegum hætti og taka þátt í fjölþjóðlegum samburðarathugunum á því sviði fyrir hönd Íslands þegar þess er óskað.

7. Annast kynningu á rannsóknastarfsemi í landinu fyrir almenning.

8. Annast kynningu og ráðgjöf fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki um möguleika á styrkjum og stuðla að samvinnu um rannsóknarverkefni innan lands og utan.

9. Hafa samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir eða skrifstofur og fylgjast með þátttöku Íslands í fjölþjóðlegu vísindastarfi.

10. Sinna öðrum verkefnum sem [ráðherra]²⁾ felur stofnuninni. Stofnunin getur átt samstarf við og tekið að sér verkefni á sviði vísinda- og tæknimála fyrir önnur ráðuneyti samkvæmt samkomulagi.

¹⁾ L. 149/2012, 5. gr. ²⁾ L. 126/2011, 358. gr. ³⁾ L. 149/2012, 6. gr.

■ **[13. gr.]¹⁾ Forstöðumaður.**

□ [Ráðherra]²⁾ skipar forstöðumann Rannsóknamiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólapróf og þekkingu á starfssviði stofnunarinnar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við og ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna stofnunarinnar. [Ráðherra]²⁾ setur forstöðumanni erindisbréf.

¹⁾ L. 149/2012, 5. gr. ²⁾ L. 126/2011, 358. gr.

IV. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **[14. gr.]¹⁾ Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

¹⁾ L. 149/2012, 5. gr.

■ **[15. gr.]¹⁾ . . .**

¹⁾ L. 149/2012, 5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **[I.** Við gildistöku laga þessara skulu eignir og skuldbindingar Rannsóknarnámssjóðs falla til Rannsóknasjóðs og eignir og skuldbindingar Tækjasjóðs falla til Innviðasjóðs eins og þær standa í lok árs 2012.]¹⁾

¹⁾ L. 149/2012, 7. gr.

■ **[II.** Þeir sem þegið hafa styrk úr Rannsóknasjóði, Rannsóknarnámssjóði, Tækjasjóði og Markáætlun á sviði vísinda og tækni fyrir gildistöku laga þessara halda óbreyttum réttindum og skyldum samkvæmt þeim styrkveitingum.]¹⁾

¹⁾ L. 149/2012, 7. gr.

■ **[III.** Núverandi stjórnir Rannsóknasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs skulu halda umboði sínu og starfa þar til ný stjórn úthlutunarsjóða hefur verið skipuð skv. 4. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 149/2012, 7. gr.